

Hafnarfirði, 15. desember 2020

Kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn

Þá er síðasti prófdagurinn að baki. Við munum **birta einkunnir** á INNU klukkan 18:00 í dag og á morgun, miðvikudaginn 16. desember, fer fram **rafræn prófsýning**. Þá verða kennarar til taks frá klukkan 10 til 12 og svara spurningum nemenda varðandi lokanámsmat áfanganna. Nemendur geta komið spurningum sínum á framfæri með því að senda viðkomandi kennara tölvupóst.

Ný stokkatafla á vorönn 2021

Árið 2020 hefur verið erfitt í framhaldsskólakennslu á landinu og ekki síst hjá áfangaskólunum. Í ljósi takmarkanna vegna COVID-19 verður **ný stokkatafla tekin í notkun á vorönn, sjá mynd**. Þetta er gert með það að markmiði að geta boðið sem flestum nemendum í staðnám hverju sinni. Taflan er því sett upp þannig að nýnemum verður að mestu kennt í húsi og svo eldri nemum eftir því sem takmarkanir leyfa. **Nýnemum verður skipt í bekki**. Þannig er líklegra að þeir geti verið sem mest í staðkennslu á meðan skólastarf er ennþá skert.

Rammastundaskrá V2021

Tímar	Mán	Tímar	Þri	Mið	Tímar	Fim	Fös	Tímar
8:30-9:30	A	8:30-9:30	F	G	8:30-9:30	A	E	8:30-9:30
9:35-10:35	B	9:35-10:35	G	E	9:35-10:35	B	F	9:35-10:35
10:45-11:45	C	10:35-11:25	HLÉ/FERDATÍMI	HLÉ/FERDATÍMI	10:45-11:45	C	F	10:45-11:45
11:55-12:55	D	11:25-12:25	D	C	11:55-12:55	D	G	11:55-12:55
12:55-13:45	HLÉ/FERDATÍMI	12:30-13:30	C	D	12:55-13:45	HLÉ/FERDATÍMI	HLÉ/FERDATÍMI	12:55-13:30
13:45-14:45	E	13:45-14:45	B	A	13:45-14:45	E	Fundartími	13:30 - 14:30
14:50-15:50	F	14:50-15:50	A	B	14:50-15:50	G	Íþróttir utan töflu, hámark utan töflu og helst 5+ efri preps áfangar	

Kennsla hefst fimmtudaginn 7. janúar og verður nánari skýringarpóstur sendur út síðar ásamt upplýsingum um nýja stundatöflu. Næstu dagar fara í að vinna úr vali nemenda og undirbúa **útskrift en hún fer fram laugardaginn 19. desember**. Farið verður yfir fyrirkomulag útskriftar með útskriftarefnum á fjárfundi í vikunni. Streymt verður frá athöfninni og verður hlekkur á streymið settur á heimasíðu skólans í lok vikunnar.

Með von um að þið njótið aðventunnar.

Erla S. Ragnarsdóttir
Skólameistari Flensborgarskólans í Hafnarfirði